

**Þjóðskjalasafn Íslands**  
02 903

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Þjóðskjalasafn Íslands**  
**kt. 710269-1149**  
**Laugavegi 162, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Þjóðskjalasafn Íslands er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga nr. 77/2014. Samkvæmt þeim fer safnið með framkvæmd opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar fyrir hönd ráðherra og gegnir jafnframt hlutverki opinbers skjalasafns.

Þjóðskjalasafn setur með samþykki ráðherra reglur um skjalavörslu og skjalastjórn ríkis og sveitarfélaga auk reglna um frágang skjalasafna, varðveislu og förgun gagna. Þjóðskjalasafn leiðbeinir um og hefur eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila ríkisins og sveitarfélaga, sem eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni. Þá hefur safnið eftirlit starfsemi héraðsskjalasafna. Þjóðskjalasafn fer þannig með yfirstjórn skjalamála í landinu.

Eitt meginhlutverk Þjóðskjalasafns er að taka til varðveislu skjöl frá afhendingarskyldum aðilum, bæði á rafrænu formi og á pappír. Safnið tekur jafnframt til varðveislu skjöl einkaaðila. Safnið veitir aðgang að safnkosti sínum, rannsakar og veitir fræðslu um hann. Safnið birtir í stafrænum búningi mikilvægar heimildir þjóðarsögunnar á vefjum sínum.

Afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns eru um 600 talsins. Safnkostur Þjóðskjalasafns taldi í árslok 2020 um 45,2 hillukílómetra af skjölum. Það er stærsta safn frumheimila um íslenska sögu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 521,5 milljónir og afkoma kr. -14,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 28,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 128,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Þjóðskjalasafns Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Þjóðskjalasafns Íslands fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Hrefna Róbertsdóttir,  
þjóðskjalavörður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	366.200.000	361.400.000
Seld þjónusta .....	3	51.811.867	50.565.485
Vörusala .....		11.890.393	9.261.575
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	80.437.779	85.487.503
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	11.200.600	10.493.024
<b>Tekjur samtals</b>		<b>521.540.639</b>	<b>517.207.587</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	361.449.069	312.269.544
Framlög og tilfærslur .....	6	31.022.000	33.904.000
Annar rekstrarkostnaður .....	7	132.565.633	115.272.347
Afskriftir .....	8	11.200.600	10.493.024
<b>Gjöld samtals</b>		<b>536.237.302</b>	<b>471.938.915</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(14.696.663)</b>	<b>45.268.672</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(93.639)</u>	<u>(11.877)</u>
		(93.639)	(11.877)
<b>Afkoma ársins</b>		<b><u>(14.790.302)</u></b>	<b><u>45.256.795</u></b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(21.368.302)	72.960.795
Rekstrartilfærslur .....		<u>6.578.000</u>	<u>(27.704.000)</u>
		<b><u>(14.790.302)</u></b>	<b><u>45.256.795</u></b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		65.973.089	61.164.478
Farartæki og vélar .....		405.263	614.177
Aðrar eignir .....		19.580	24.580
Verk í vinnslu .....		9.967.280	0
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>76.365.212</u>	<u>61.803.235</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....		6.721.182	5.997.006
Viðskiptakröfur .....		1.636.937	270.130
Tengdir aðilar .....	10	3.321.050	24.810.987
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		97.674	647.686
Handbært fé .....	11	39.998.327	13.580.281
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>51.775.170</u>	<u>45.306.090</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>128.140.382</u>	<u>107.109.325</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		27.997.252	42.787.554
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>27.997.252</u>	<u>42.787.554</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	20.896.199	3.917.790
Viðskiptaskuldir .....		11.465.076	4.322.955
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	39.089.520	32.388.091
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	28.692.335	23.692.935
<b>Skuldir samtals</b>		<u>100.143.130</u>	<u>64.321.771</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>128.140.382</u>	<u>107.109.325</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(14.790.302)	45.256.795
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	11.200.600	10.493.024
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(11.200.600)	(10.493.024)
		<u>(14.790.302)</u>	<u>45.256.795</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(816.795)	917.459
Tengdir aðilar .....		28.905.769	(39.431.466)
Birgðir .....		(724.176)	(587.149)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		13.843.550	(6.296.177)
		<u>41.208.348</u>	<u>(45.397.333)</u>
		<u>26.418.046</u>	<u>(140.538)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(15.795.297)	(38.456.639)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu .....		(9.967.280)	0
		<u>(25.762.577)</u>	<u>(38.456.639)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		9.562.577	29.956.639
Fjárfestingarframlag .....		16.200.000	8.500.000
		<u>25.762.577</u>	<u>38.456.639</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		26.418.046	(140.538)
		<u>13.580.281</u>	<u>13.720.819</u>
		<u>39.998.327</u>	<u>13.580.281</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Tekjufærsla fjárveitinga .....	366.200.000	361.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	11.200.600	10.493.024
	<u>377.400.600</u>	<u>371.893.024</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	362.100.000	6.100.000	0	368.200.000
Fjáraukalög .....	(2.000.000)	0	0	(2.000.000)
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>360.100.000</b>	<b>6.100.000</b>	<b>0</b>	<b>366.200.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ....	(381.468.302)	478.000	0	(380.990.302)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(21.368.302)</b>	<b>6.578.000</b>	<b>0</b>	<b>(14.790.302)</b>

	2020	2019
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	50.642.970	47.268.273
Verksala .....	779.097	686.903
Ýmsar þjónustutekjur .....	389.800	1.973.980
Fræðslustarfsemi og fundir .....	0	636.329
	<u>51.811.867</u>	<u>50.565.485</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	1.652.000	1.637.200
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	41.500.000	79.000.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	37.285.779	4.850.303
	<u>80.437.779</u>	<u>85.487.503</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	286.496.866	252.272.548
Orlof, breyting .....	7.736.839	122.496
Launatengd gjöld .....	65.010.626	57.396.914
Starfsmannakostnaður .....	2.204.738	2.477.586
	<u>361.449.069</u>	<u>312.269.544</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	33,1	32,8
------------------------------	------	------

### 6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta .....	500.000	500.000
Rekstrartilfærslur aðrir .....	30.522.000	33.404.000
	<u>31.022.000</u>	<u>33.904.000</u>

## Skýringar

	2020	2019
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.879.070	5.007.995
Byggingarvörur, almennar ....	954.313	125.247
Byggingarvörur, aðrar ....	6.170	75.121
Tæki og búnaður til innréttinga ....	0	31.951
Ýmis tæki og áhöld ....	1.338.240	191.640
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	59.282	83.214
Orkugjafir ....	5.515.244	6.301.726
Matvæli ....	4.979.858	4.985.327
Almennar rekstrarvörur ....	1.465.148	1.310.084
Vörukaup, almenn	16.197.325	18.112.305
Rannsóknarstofuefni ....	0	71.484
Kennslu- og fönurvörur ....	0	44.814
Ýmsar sérgreindar vörur ....	10.130.109	0
Vörukaup, sérgreind	10.130.109	116.298
Fundir, námskeið, risna ....	796.846	2.564.291
Ferðir, uppihald ....	278.755	4.473.886
Akstur ....	591.522	699.076
Sérfræðiþjónusta ....	24.437.892	18.355.100
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	77.927	81.202
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	1.310.326	532.201
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	5.674.393	6.923.723
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	33.167.661	33.629.479
Samningsbundin kaup og leiga ....	0	2.352.110
Afnotagjöld ....	18.457.764	20.777.483
Leigugjöld ....	8.622.975	8.016.116
Notkun véla og flutningatækja ....	1.713.940	934.957
Verkkaup ....	35.438.851	17.372.453
Kostnaðarhlutdeild ....	1.118.832	1.220.544
Áhættutap og bætur ....	0	59.990
Tryggingar, lögboðnar ....	1.526.871	1.438.562
Opinber gjöld ....	6.915.481	6.231.909
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	73.794.714	58.404.124
Vörukaup I ....	0	57.568
Vörukaup II ....	0	5.539.722
Birgðabreytingar, fullunnar vörur ....	(724.176)	(587.149)
Vörur til endursölu og birgðabreyting	(724.176)	5.010.141
Annar rekstrarkostnaður samtals	132.565.633	115.272.347
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	10.986.686	10.279.110
Farartæki og vélar ....	208.914	208.914
Aðrar eignir ....	5.000	5.000
	11.200.600	10.493.024

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>9 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	65.973.089	61.164.478
Farartæki og vélar .....	405.263	614.177
Aðrar eignir .....	19.580	24.580
	<u>66.397.932</u>	<u>61.803.235</u>
Verk í vinnslu .....	9.967.280	0
	<u>9.967.280</u>	<u>0</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	125.639.086	2.233.670	50.000	127.922.756
Viðbætur á árinu .....	15.795.297	0	0	15.795.297
	<u>141.434.383</u>	<u>2.233.670</u>	<u>50.000</u>	<u>143.718.053</u>
Afskriftir 1.1.2020 .....	64.474.608	1.619.493	25.420	66.119.521
Afskrift ársins .....	10.986.686	208.914	5.000	11.200.600
	<u>75.461.294</u>	<u>1.828.407</u>	<u>30.420</u>	<u>77.320.121</u>
Staða 31.12.2020 .....	<u>65.973.089</u>	<u>405.263</u>	<u>19.580</u>	<u>66.397.932</u>

	31.12.2020	31.12.2019
<b>10 Tengdir aðilar</b>		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	23.319.133
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	3.321.050	1.491.854
	<u>3.321.050</u>	<u>24.810.987</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	18.100.781	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	2.795.418	3.917.790
	<u>20.896.199</u>	<u>3.917.790</u>

### 11 Handbært fé

Sjóðir .....	29.345	36.139
Tékkareikningar .....	39.968.982	13.544.142
	<u>39.998.327</u>	<u>13.580.281</u>

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	42.787.554	(2.469.241)
Afkoma ársins .....	(14.790.302)	45.256.795
Jöfnuður 31.12. ....	<u>27.997.252</u>	<u>42.787.554</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>13 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	39.089.520	31.352.681
Ógreidd laun .....	0	464.380
Önnur ógreidd gjöld .....	0	571.030
	<u>39.089.520</u>	<u>32.388.091</u>

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	76.365.212	61.803.235
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) .....	(47.672.877)	(38.110.300)
	<u>28.692.335</u>	<u>23.692.935</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	61.803.235	(38.110.300)	23.692.935
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	16.200.000	16.200.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	15.795.297	(15.795.297)	0
Fjárfesting - Verk í vinnslu .....	9.967.280	(9.967.280)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(11.200.600)	0	(11.200.600)
	<u>76.365.212</u>	<u>(47.672.877)</u>	<u>28.692.335</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 10,6 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

### 15 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og einnig ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 9,8 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 31,0 milljón.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.